

**Aðalfundur Landssamtaka lífeyrissjóða
18. maí 2006.**

**Ræða
Friðberts Traustasonar
formanns Landssamtaka lífeyrissjóða**

Fundarstjóri, ágætu fundarmenn.

Í ágætri grein sem Guðmundur Guðmundsson og Kristína Baldursdóttir skrifuðu um framtíð íslenskra lífeyrissjóða segir meðal annars: *“Eftirlaun eru og verða um ókomin ár mesta áhyggjuefni í ríkisfjármálum flestra iðnvæðdra landa. Þau eru að mestu greidd með skattfé og fyrirsjáanlegt að framlög til þeirra þurfa að hækka mikið. Ástæðan fyrir þessu er að fjölmennir árgangar nálgast eftirlaunaaldur, íbúar landanna ná hærri aldri og eignast færri börn. Hlutfall eftirlaunaþega og fólks á starfsaldri mun því hækka mikið fram eftir 21. öld. Hliðstæð þróun í breytingu á aldurshlutföllum nær einnig til margra þróunarlanda, þ. á. m. bæði Indlands og Kína. Enda þótt öldruðum Íslendingum muni einnig fjölga í hlutfalli við fólk á starfsaldri er þetta minna áhyggjuefni hér en víða annars staðar. Fyrir því eru tvær meginástæður. Önnur er sú að breyting á aldursskiptingu, sem við sjáum fram á, er minni en í Evrópulöndum sem búa við svipaðan efnahag, vegna þess að fæðingartíðni er ekki orðin jafnlág hér, og menn fara mun seinna á eftirlaun. Hin ástæðan er að eftirlaunakerfi okkar miðast að mestu við að hver starfandi maður spari hluta af launum sínum og geymi í sjóði sem síðan er varið til að greiða eftirlaun hans. Það þarf því ekki að auka skattheimtu þó að hlutfall eftirlaunaþega hækki.”*

Íslensku lífeyrissjóðirnir áttu tæplega 1200 milljarða.króna við árslok 2005, sem er vel yfir vergri landsframleiðslu. Iðgjaldtekjur lífeyrissjóða eru enn miklu hærri en lífeyrisgreiðslur. Eftirlaunaþegar eru fáir í hlutfalli við starfandi sjóðfélaga og flestir þeirra hafa ekki greitt iðgjald af öllum tekjum sínum nema fyrir hluta starfsævinnar og eiga því tiltölulega lítil réttindi. Að auki hafa sjóðirnir fjármagnstekjur. Það er því fyrirsjáanlegt að eignir þeirra munu vaxa mikið næstu árin nema langvarandi niðursveifla verði á verðbréfamörkuðum, sem ekki eru líkur á. Ellilífeyrisþegum á hins vegar eftir að fjölga hlutfallslega miðað við fólk á starfsaldri og réttindi þeirra aukast.

Meginviðfangsefni lífeyrissjóðanna í framtíðinni er því að ávaxta sem best það fjármagn sem til sjóðanna berst. Það er því ánægjulegt hve gjöfult árið 2005 var lífeyrissjóðum landsmanna. Allt frá því að skipulegar mælingar hófust á

meðalávöxtun sjóðanna á árinu 1991 var síðasta ár það besta í sögu sjóðanna. Landssamtök lífeyrissjóða áætla að raunávöxtun sjóðanna hafi að meðaltali numið um 13,5% á árinu 2005. Ef litið er til lengri tíma eða síðustu fimm ára nemur raunávöxtunin um 5,8% og ef skoðað er meðaltal síðustu 10 ára nemur raunávöxtunin um 6,3% að meðaltali. Nú sem fyrr er það ávöxtun innlendra hlutabréfa sem drífur þessa ávöxtun áfram en Úrvalsvísitala Kauphallarinnar hækkaði um 64,7% frá upphafi til loka síðasta árs, samaborið við 58,9% hækkun á árinu 2004.

Á síðasta ári hækkaði heimsvísitala Morgan Stanley um 7,6%, sem mest er borin upp af hækkunum í Evrópu og Japan. Lítil hækkun varð hins vegar í Bandaríkjunum og helstu hlutabréfavísitölur þar í landi stóðu nánast í stað. Þannig lækkaði Dow Jones vísitalan um tæplega 1% og á sama tíma hækkaði Nasdaq vísitalan í Bandaríkjunum aðeins um 1%. Þá styrktist gengi íslensku krónunnar verulega gagnvart erlendum gjaldmiðlum og hækkaði hún um 7,2% á árinu.

Miklar sviptingar voru á íslenska verðbréfamarkaðinum á fyrstu mánuðum yfirstandandi árs, miklar hækkunir á hlutabréfum fyrstu mánuðina en síðan niðursveifla í kjölfarið, en Úrvalsvísitala Kauphallarinnar hafði þó hækkað frá upphafi árs til loka aprílmánaðar um 3,5%. Þá hefur gengi íslensku krónunnar lækkað umtalsvert gagnvart erlendum gjaldmiðlum eða um 23,8% fyrstu fjóra mánuði ársins. Ljóst er að þeir lífeyrissjóðir sem lagt hafa verulega áherslu á erlendar fjárfestingar, einkum í hlutabréfum, uppskera nú ríkulega með gengislækkun krónunnar og er þá ekki tekið tillit til ávöxtunar á erlendum verðbréfamörkuðum. Þessar sveiflur á hlutabréfamörkuðunum og á gengisvísivísitölunni færa okkur heim sannindi þess að sú stefna lífeyrissjóðanna að hafa á að skipa vel dreifðu eignasafni er rétt. Þannig getur góð raunávöxtun á erlendum hlutabréfamörkuðum bætt upp slakari fjárfestingarárangur hér innanlands, ef svo ber undir.

Á síðasta ári gerðu Landssamtök lífeyrissjóða úttekt á lögum um fjárfestingar lífeyrissjóða með það fyrir augum að meta þörfina fyrir breytingar á þeim. Í framhaldi af þessari vinnu hefur Alþingi nú samþykkt nokkrar veigamiklar breytingar á lífeyrissjóðalögum sem varðar fjárfestingarheimildir þeirra.

Helstu nýmælin eru þau í fyrsta lagi að heimild lífeyrissjóða til að fjárfesta í hlutabréfum var hækkuð úr 50% í 60%. Með því er sveigjanleiki lífeyrissjóða til frekari fjárfestinga í hlutabréfum aukinn, sem ætti að auðvelda sjóðunum enn frekar að ávaxta fé sitt á sem hagkvæmastan hátt á hverjum tíma.

Í öðru lagi er nú heimilt að lána fasteignalán allt að 75% af metnu markaðsvirði fasteignar, í stað 65% áður. Reynslan sýnir að fasteignatryggð lán til

sjóðfélaga eru álitlegur fjárfestingakostur fyrir lífeyrissjóðina. Útlánatöp hafa verið hverfandi og áhættudreifing þessa eignaflokks er mög góð.

Í þriðja lagi er nú heimilt að meta hreina eign lífeyrissjóða samkvæmt síðasta uppgjöri innan ársins, sem verið hefur kannað eða endurskoðað af endurskoðanda, í stað þess að miða við síðasta ársuppgjör.

Af og til hafa spunnist umræður um það í fjölmiðlum og á Alþingi, hvort nauðsynlegt sé að afnema verðtryggingu á lánnum. Að mínu mati er þessi umræða á villigötum. Í fyrsta lagi er alveg ljóst að afnám verðtryggingar er mun dýrari fyrir láatakendur en verðtrygging þegar til lengri tíma er litið. Lánveitandinn mun ávallt bæta við vextina sérstöku óvissuálagi vegna verðbólgunnar og reynslan erlendis hefur sýnt að þetta álag getur verið býsna hátt. Í skýrslu sem Tryggvi Þór Herbertsson, forstöðumaður Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, vann fyrir Landssamök lífeyrissjóða á árinu 2004, var komist að þeirri niðurstöðu að afnám verðtryggingar mundi skerða eftirlaun lífeyrissjóðanna í framtíðinni. Í skýrslunni kom einnig fram að ef um mikinn óstöðugleika er að ræða í efnahagslífinu og tíð óvænt verðbóluskot þá sé líklegra að skuldunautar hagnist á því að verðtrygging sé afnumin, en að skuldunautar tapi aftur á móti ef stöðugleiki og jöfn verðbólga ríkjja. Þá sé ekki ljóst hvað kæmi í stað verðtryggingar sem grunnur að vöxtum á langtímalánum ef verðtrygging/vísitölutenging yrði afnumin. Afnám verðtryggingar gæti einnig aukið óvissu lífeyrisþega hvað varðar kaupmátt lífeyris. Skuldbindingar sjóðanna eru þannig verðtryggðar og ef tryggingin yrði afnumin er ljóst að hætta gæti skapast á misgengi milli eigna og skuldbindinga, því ljóst sé að afnám verðtryggingar myndi hafa mikil áhrif á eignir íslensku lífeyrissjóðanna og þar með á eftirlaun sjóðfélaga.

Eins og kunnugt er hafa mjög margir lífeyrissjóðir á almennum vinnumarkaði fært sig yfir í réttindaávinnslukerfi, sem felur í sér að iðgjöld skapa mismunandi mikil lífeyrisréttindi eftir því hvenær á starfsævinni þau eru greidd, þ.e. svokallað aldursháð réttindakerfi. Sjóðirnir hafa valið nokkrar leiðir við breytingarnar. Ýmsir sjóðir hafa að fyrirmynd Gildis-lífeyrissjóðs hagað breytingunum með þeim hætti, að sjóðfélagar sem uppfylla tiltekin skilyrði geti haldið áfram að mynda réttindi í jafnri ávinnslu að tilteknu hámarki, og eru því sjóðirnir að leitast við að breytingarnar hafi sem minnst áhrif á sjóðfélagana, þegar horft er til réttindaávinnslnnar yfir alla starfsævina. Fyrir liggur að auk Gildis-lífeyrissjóðs hafa Lífeyrissjóður Vestmannaeyja, Lífeyrissjóður Suðurlands, Lífeyrissjóður Vesturlands, Lífeyrissjóður Austurlands, Lífeyrissjóður Vestfirðinga, Söfnunar-sjóður lífeyrisréttinda og Lífeyrissjóður verzlunarmanna tekið upp fyrrgreinda leið blandaðrar ávinnslu réttinda.

Mikilvægt var að lífeyrissjóðir gerðu með sér samkomulag um gagnkvæma viðurkenningu á heimild sjóðfélaga til þess að halda áfram iðgjaldsgreiðslum til

jafnrar ávinnslu, til að koma í veg fyrir réttindamissi þeirra sjóðfélaga, sem ef til vill færast á milli lífeyrissjóða með hliðstæða réttindauppbyggingu.

Undirbúningsvinna að gerð samkomulags um gagnkvæma viðurkenningu á iðgjaldagreiðslum við ákvörðun réttar til jafnrar ávinnslu lífeyrisréttinda var unnin á vettvangi Landssamtaka lífeyrissjóða í októbermánuði s.l. Rétt er að taka fram að ákvæði samkomulags um samskipti lífeyrissjóða frá árinu 1999, um réttindi vegna iðgjaldagreiðslna til fleiri en eins lífeyrissjóðs, gilda ekki um rétt til jafnrar ávinnslu réttinda hjá lífeyrissjóðum sem aðild eiga að framangreindu samkomulagi. Úrskurðar- og umsagnarnefnd, sem skipuð er af Landssamtökum lífeyrissjóða samkvæmt samskiptasamkomulagi lífeyrissjóða frá 1999, annast einnig framkvæmd samkomulags um gagnkvæma viðurkenningu á iðgjaldagreiðslum við ákvörðun réttar til jafnrar ávinnslu lífeyrisréttinda.

Íslenska lífeyrissjóðakerfið byggir á traustum grunni, sem stéttarfélög og atvinnurekendur sömdu um í kjarasamningum, og er einn af hornsteinum íslensks þjóðfélags. Kerfið byggir nú á heilstæðri rammalöggjöf um lífeyrissjóðina þar sem m.a. er kveðið á um skyldutryggingu lífeyrisréttinda, lágmarksréttindi og eftirlit með starfsemi sjóðanna. Það er því hvítleitt hve oft er talað illa um þetta ágæta kerfi, oft af þekkingarleysi en einnig læðist að manni sá grunur að stundum sé um meðvitaða niðurrifsstarfsemi að ræða. En hver er aðal ástæða að ekki tekst að byggja upp þá jákvæðu ímynd, sem lífeyriskerfið á skilið, ímynd sem nauðsynlegt er að ná til að almenn sátt ríki um lífeyrissparnaðinn?

Ég tel megin ástæðuna vera það samspil sem er á lífeyri frá lífeyrissjóðum og bótum almannatryggingum. Enginn efast um nauðsyn þess að bætur almannatrygginga séu að vissu marki tekjuháðar. Hins vegar hafa stjórnvöld gengið alltof langt í tekjuskerðingum vegna greiðslna lífeyris frá lífeyrissjóðunum. Því má fullyrða að samanlagður ellilífeyrir frá Tryggingastofnun ríkisins og lífeyrissjóðunum sé skammarlega lítill hjá þorra eftirlaunafólks, og að þeir sem hafa greitt til lífeyrissjóðs í áratugi sjá oft á tíðum lítinn ávinning af þeirri sjóðsöfnun vegna tekjuskerðingar bóta almannatrygginga.

Mikilvægt er að endurskoða samspil greiðslna frá Tryggingastofnun og lífeyris frá lífeyrissjóðunum. Skerðingin í dag er langt umfram það sem séð var fyrir þegar lífeyrissjóðirnir voru að stíga sín fyrstu skref, og þau sem söfnuðu fyrir í sínum lífeyrissjóði eru ósátt.

Eðlilegt er að sjóðfélagar greiði skatta af sínum lífeyri þegar hann fer umfram skattfrelsismörk eins og þeir sem atvinnutekna njóta. Sjóðfélagar hafa notið skattfrelsis vegna iðgjalda sinna til lífeyrissjóðanna og atvinnurekendur einnig í sínum rekstri vegna mótframlaga þeirra. Aftur á móti hlýtur að vera umhugsunarvert með tilliti til þróunar á atvinnumarkaði að auðvelda ölduðum og

örykjum atvinnuþátttöku eins og unnt er og þá hljóta skatthvatar af ýmsum toga að koma til álita. Í dag er öldruðum og örykjum refsað harðlega af almannatryggingum dirfist þeir til þátttöku á vinnumarkaði eftir að taka eftirlauna er hafin.

Nú er það almennt viðhorf eldri borgara að ríkið sé lang stærsti móttakandi greiðslna frá lífeyrissjóðunum. Og það má til sanns vegar færa þegar skerðingar á öðrum greiðslum en grunnlífeyri Tryggingastofnunar eru slíkar sem nú er.

Þessu verður einfaldlega að breyta með því að hækka verulega neðra tekjumark, það er frítekjumark, tekjutryggingar ellilífeyrisþega, sem ákveðið er með reglugerð frá tryggingaráðherra, með gildistöku 1. janúar ár hvert. Þannig má bæta afkomu eldri borgara og sannfæra landsmenn enn og aftur um nauðsyn þess að viðhalda sjóðamyndum, samtryggingu og skylduáðild að lífeyrissjóðum.

Ég þakka samstjórnarmönnum, framkvæmdastjóra LL og lífeyrissjóðunum ánægjuleg samskipti og samvinnu á starfsárinu. Landssamtök lífeyrissjóða hafa á umliðnum árum sannað tilverurétt sinn sem hagsmunasamtök allra lífeyrissjóða í landinu og þess vegna eigum við að efla samtökin og gera þau enn virkari sem málsvara í öllum málum sem varða vöxt, viðgang og sameiginlega hagsmuni íslenskra lífeyrissjóða.